

# Minnisblað

Til: Hafnarstjórn  
Frá: Hilmar K Lyngmo, Hafnarstjóri  
Dags. 1. nóvember 2024  
Mnr. 2024040018



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Kaup á þjónustubifeið v. tjóns.docx

Þann 17. Október varð það óhapp að bifreiðin PN D45 Toyota Hilux árg. 2012 fór útaf veginum um Hvilftarstönd og tjónaðist.

Við skoðun kom í ljós að hún er það illa farin, grindarskekkja og allt brotið undir að framan, að ekki borgar sig að gera við hana.



Þar sem bifreiðar Ísafjarðarbæjar eru ekki með kaskótryggingu lengur en í 4 ár fæst ekkert úr tryggingunum.

Stefnt er að því að selja tjónabifreiðina og búist er við 200.000 til 500.000 kr. fyrir hana.

Komið er tilboð frá Toyota umboðinu upp á 12.096.000 kr. m.vsk. fyrir nýja bifreið. Ný bifreið er Toyota Hilux Double Cab árg. 2024 og gildir tilboðið á henni til 19. nóvember.

Hafnarstjóri óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun til kaupa á nýrri bifreið í stað þeirrar sem tjónaðist.

Áætlaður kostnaður án vsk er 9.600.000 með merkingu.